

Stjórnarfundur FEB nr. 515 miðvikudaginn 3. sept. 2025

kl. 14:00 í Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn: Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður stjórnar FEB, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir, Gunnlaugur A. Júlíusson, Guðrún Bergmann, Kristinn Eiríksson og Kristján Guðmundsson

Mættir varamenn: Bjarni Bjarnason og Fanney S. Jóhannsdóttir

Fjarverandi: Varamaðurinn Sigrún E. Unnsteinsdóttir

Einnig sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. **Fundargerð síðasta fundar afgreidd og undirrituð**

2. **Stefnumótun**

Framkvæmdastjóri FEB opnaði fundinn og lýsti helsta viðfangsefni fundarins, sem er stefnumótun stjórnar FEB. Fundinum er ætlað að fanga áhersluatriði stjórnar fram að næsta aðalfundi. Stjórn FEB ákvað á stjórnarfundum þann 3. júní „að stjórnin fari yfir þau atriði í þegar fyrirbyggjandi stefnumótunarvinnu og vinni úr þeim“, þar sem þau atriði eru samhljóma áhersluatriðum núverandi stjórnar.

Atriðin eru eftirfarandi:

- **Kjaramál**
- **Húsnæðismál**
- **Velferðarmál**
- **Félagsstarf FEB**

Að stefnumótunarfundi loknum, þegar fram hafa komið helstu áherslur í hverjum flokki fyrir sig, verða nefndir innan FEB kallaðar saman og munu þær taka fyrir viðeigandi áherslupunkta fundarins og vinna úr þeim.

3. **Stefnumótun – Kjaramál**

Málin rædd og ýmsar tillögur komu fram. Fundurinn ákvað að leggja ætti megináherslu á eftirfarandi baráttumál:

- Frítekjumark fari í 100 þ. kr. og nái yfir allar tekjur
- Eftirlaun fylgi lágmarkslaunum
- Tekið verði upp samtal við stéttarfélögin um kjaramál

4. **Stefnumótun – Húsnæðismál**

Fundurinn ákvað að leggja áherslu á eftirfarandi:

- Hafa alla anga úti fyrir félagsmenn FEB til að tryggja íbúðir fyrir eldra fólk á sanngjörnu verði
- FEB á ekki að vera framkvæmdaaðili varðandi byggingu húsnæðis fyrir eldra fólk
- Leita samráðs, samvinnu og vinna markvisst með þeim sérfróðu aðilum/félögum/samtökum sem koma að úthlutun lóða og standa að byggingu húsnæðis fyrir eldra fólk.
- Þróun í bílastæðamálum við nýbyggingar íbúðarhúsnæðis er í ógöngum
- Vantar þarfagreiningu yfir það hver þörfin er fyrir byggingu húsnæðis fyrir eldra fólk.

5. **Stefnumótun – Velferðarmál**

Ýmsar tillögur komu fram sem vinna þarf áfram, þær helstu eru eftirfarandi:

- Fjölga þarf hjúkrunarheimilum í Reykjavík (ekkert á dagskrá í dag, svo vitað sé)
- Bæta þjónustu við þá sem búa heima hjá sér því stefna stjórnvalda er að allir eigi að búa eins lengi heima hjá sér og hægt er, s.s. að það dagar falli ekki niður ef hann lendir á frídegi eða ef aðstoðarmaðurinn verði veikur
- Vantar millistig í búsetu eldra fólks á milli þess að búa heima og þess að búa á hjúkrunarheimilum.
- Kynna netöryggi, auka tæknilæsi. Krafan um rafræna samskipti alltaf að aukast sem reynist sumum eldri borgurum erfið.

6. **Stefnumótun – Félagsstarf FEB**

Halda áfram því góða starfi sem fram fer hjá félaginu hvað varðar innan- og utanlandsferðir, viðburði, þau námskeið sem þar eru haldin og þá klúbba sem starfræktir eru hjá FEB.

7. **Skipan í Velferðarnefnd.**

Í dag er Kjara- og velferðarnefndin eina og sama nefndin. Ákveðið var að þeir sem hana skipa, sitji áfram í Kjaranefnd en að skipuð skuli sérstök Velferðarnefnd og í henni sitji: Sigurður Ágúst Sigurðsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Fanney S. Jóhannsdóttir

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:30

Fundargerð ritaði Gunnlaugur Auðunn Júlíusson

Kristján Árnason
Fanney S. Jóhannsdóttir
Sig. Ágúst

Gunnlaugur Auðunn Júlíusson
Sigurður Ágúst Sigurðsson
Guðrún Ósk Jakobsdóttir